

Nd.

85. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta, um almannavarnir, var lagt fram á seinasta þingi. Um það urðu þá þegar allmiklar umræður, en með því að þá var skammt til þingloka, kaus ríkisstjórnin heldur að hverfa frá að knýja málið gegnum þingið. Lét hún þá afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, og var því frestað til næsta þings.

Það brást heldur ekki, að frumvarpið var lagt fram meðal fyrstu þingmála á þessu þingi og hefur þegar hlotið afgreiðslu í nefnd.

En heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Matthías Á. Mathiesen, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tveimur smábreytingum, en Valtýr Guðjónsson ritar undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, er hann mun gera grein fyrir við umræður málsins. — Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði, eins og á seinasta þingi, afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Efni frumvarpsins.

Frumvarpi þessu er skv. ákvæðum 1. gr. ætlað mikið hlutverk, nefnilega *að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða.*

Almannavarnakerfið á svo einnig að veita aðstoð, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá, eins og í frv. segir.

Skal hér nú stuttlega gerð grein fyrir meginefni frumvarpsins og þeim viðtæku heimildum, sem í því felast:

Almannavarnir heyrir undir dómsmálaráðherra. Hann skipar forstöðumann almannavarna. Hefur það embætti þegar verið stofnað og almannavarnastjórnin skipaður frá 21. júní s. l. Þessi embættismaður skal sjá um heildarskipulagningu al-

mannavarna, annast framkvæmd þeirra þátta, sem undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörðun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann skal einnig hafa umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

Fjögurra manna almannavarnaráð skal vera almannavarnastjóranum til ráðuneytis.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Hefja skal ráðstafanir til almannavarna hvarvetna þar, sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við sveitarstjórn eða sýslunefnd. Ráðherra getur ákveðið, að grannhéruð eða bæir skuli hafa samstarf um almannavarnir, t. d. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogskaupstaður og Hafnarfjörður.

Í kaupstöðum skulu skipaðar almannavarnanefndir. Í Reykjavík skal almannavarnanefndin hafa sérstakan framkvæmdastjóra.

Almannavarnanefndirnar eigi að koma upp viðvörðunarkerfi. Þær eiga að sjá um skipulagningu hvers konar hjálparstarfsemi svo og þjálfun manna í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.

Þær eiga einnig að hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og skulu leiðbeina í þeim efnum.

Almannavarnanefndirnar eiga líka að sjá um byggingu, búnað og rekstur opinberra öryggisbygginga, birgðageymslur og birgðavörzlu og undirbúning og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæðum.

Þetta virðist vera allfjölþætt og ábyrgðarmikið starf, og skal það allt unnið án endurgjalds.

Í 10. gr. frv. segir, að það sé borgaraleg skylda allra á aldrinum 18—65 ára að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarna samkvæmt fyrirmælum lögreglustjóra.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir eru kvaddir til. Ber þeim skilyrðislaust að hlýða fyrirmælum og er óheimilt að hverfa úr starfi án leyfis. Ef hætta er talin yfirvofandi, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða fulltrúa hans. — Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarnanna. — Allt er þetta án endurgjalds.

Er hér óneitanlega kominn nokkur keimur af herskyldu og heræfingum, og er vandséð, hvernig allt þetta fær samrýmzt daglegum störfum manna.

Með ákvæðum 15. gr. frumvarpsins um skyldu atvinnufyrirtækja til einkavarna mun einkum átt við, að þeim beri að láta gera loftvarnabyrgi, er taki allt starfsfólkið. — Getur slíkt orðið allkostnaðarsamt, því að traust og vönduð verða slík byrgi að vera til að veita öryggi, og einnig verður ávallt að vera þar nægur forði matvæla.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns.

Ekki er fullljóst, hvaða mannvirki er við átt í 17. gr. frumvarpsins, né heldur hvaða öryggisráðstafana skuli krafizt. En þar segir:

„Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þátt í kostnaði“ „samkvæmt mati dómkvaddra manna“, leggur meiri hlutinn til að bætist við.

Sagt hefur verið, að hér sé sennilega átt við stofnanir eins og áburðarverksmiðjuna og olíu- og benzínstöðvarnar, sem dreift er víðs vegar um alla Reykjavík og Hafnarfjörð.

En hvaða öryggisráðstöfunum verður hér við komið? Ekki er það auðséð í fljótu bragði.

Þá kemur að 5. kafla frumvarpsins, er fjallar um flutning fólks af hættusvæðum. Er þar um hinar viðtækustu heimildir að ræða, og mundu margar þeirra reynast ærið kostnaðarsamar, ef til framkvæmda kæmi.

Þar segir, að ríkisstjórnin geti, ef brýna nauðsyn beri til, ákveðið brottflutning fólks af hættusvæði og skipað því að koma sér fyrir á öruggari stöðum. Er öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

Til að greiða fyrir brottflutningi fólks getur ríkisstjórnin tekið leigunámi skip, bíla, flugvélar, svo og lendur og hvers konar húsnæði. Gefa má eiganda húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsa-skjól og fæði, ef nauðsynlegt er. Gert er ráð fyrir að greiðsla geti e. t. v. komið fyrir húsnæði og fæði, sem þannig er tekið með valdboði.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi skal bera allan kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

Hér er sjálfsagt átt við, að breytt verði byggingarsamþykktum kaupstaða með reglugerð og húsbýggjendum hér eftir gert að skyldu að gera gluggalausan kjallara með þykkum veggjum og halda þessu húsrými ónotuðu. Einnig virðist húseigandi eiga að hafa þar ávallt nægan matvælaforða. Bætist hér enn einn pinkill á herðar húsbýggjendum ofan á allt annað.

Í 25. gr. frumvarpsins er rætt um, hverjir skuli greiða kostnaðinn af framkvæmd þess. Ríkissjóður greiðir laun almannavarnastjórans og ber kostnað af vissum þáttum almannavarnanna. Af byggingu og rekstri varasjúkrahúsa virðist hlutaðeigandi sveitarsjóðum ætlað að bera þriðjung kostnaðar, og yfirléitt mun ætlunin, að ríkissjóður beri $\frac{2}{3}$ kostnaðar af almannavörnunum, en sveitarsjóðirnir $\frac{1}{3}$. Fram er tekið, að sveitarsjóðir skuli greiða kostnað við opinber öryggisbyrgi, en ríkissjóður endurgreiði $\frac{2}{3}$ af kostnaðinum, en helming annars kostnaðar. — Um hlutskipti einstaklinganna hefur verið getið á nokkrum stöðum hér að framan.

Enginn skyldi efa, að það mundi kosta tugi, ef ekki hundruð milljóna að framkvæma þær heimildir, sem í frumvarpinu felast. Frumvarpið er því ein samfelld játning um, að Ísland sé í miklum háska, ef til styrjaldar dragi.

Þess skal hér getið, að í frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1963, sem fram hefur verið lagt, er tekin 1 milljón króna til almannavarna. Má vissulega gæta fyllstu hagsýni, ef hún á að endast til að framkvæma heimildir þessa frumvarps og fullnægja þeim tilgangi almannavarna að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna, ef til atómstyrjaldar skyldi draga.

Stjórnin skýrir viðhorf sín.

Með frumvarpinu um almannavarnir voru 4 fylgiskjöl, þegar það var lagt fram á Alþingi í fyrravetur. Þessi fylgiskjöl voru:

1. Skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur.
2. Bréf loftvarnanefndar Rvíkur, dags. 4. okt. 1961.
3. Álitserð Holtermanns hershöfðingja, forstjóra almannavarna í Noregi.
4. Álitserð C. Toftemarks yfirlæknis hjá dönsku heilbrigðisstjórninni.

Er margar athyglisverðar upplýsingar að finna í þessum skjölum.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur keypti mikið af teppum og dýnum, fatnaði, sjúkrahörum, sáraumbúðum, rúmfatnaði og margt fleira, og er þetta geymt á ýmsum stöðum í bænum. Einnig lét hún gera mikið af steinbitum, sem raða á fyrir kjallaraglugga. Sagt er, að mest af þessum varningi haldi lengi gildi, en þó er nú upplýst af for-

stöðumanni almannavarna, að *steinbitarnir séu ónýtir* við núverandi aðstæður. Alls fór nokkuð á tíundu milljón króna í loftvarnaaðgerðir nefndarinnar.

Danski læknirinn Toftemark getur þess í sinni álitserð, að ráðstafanir til umönnunar særðra og sjúkra hafi þegar kostað 100 milljónir danskra króna, þ. e. um 630 milljónir íslenskra. 17 milljónir segir hann hafa farið til lyfjakaupa, en einnig hafi verið keypt nokkur varasjúkrahús. Tuttugu milljónir segir hann hafa farið í að gera eldri sjúkrahús styrkari.

Vitnisburður reynslunnar.

Í skýrslu loftvarnanefndar Reykjavíkur kemur það fram, að nefndin hafi lengi haft augastað á því, að sprengt yrði öryggisbyrgi inn í Arnarhól. Fékk hún verkfræðinga Almenna byggingarfélagssins til að gera áætlanir um mannvirki þetta. Og í viðbótarskýrslu hennar er frá því skýrt, að lokið hafi verið við uppdrætti og verkfræðilegar athuganir vegna byggingar loftvarnaskýlis undir Arnarhóli.

Ekki hefur forstöðumaður almannavarna getað veitt upplýsingar um niðurstöður þessara kostnaðaráætlana, og væri það þó gagnleg vitnskja um kostnað við gerð öryggisbyrgja yfirleitt. — Auk þess kemur svo til rekstrarkostnaður slíkra mannvirkja, a. m. k. á stríðstímum.

Í skýrslu loftvarnanefndarinnar eru talin upp margvisleg aðkallandi verkefni, er sinna þurfi með tilliti til venjulegrar styrjaldarhættu. Þar á meðal er nefnt:

Bygging loftvarnabyrgja.

Skipun hjálparveita, búnaður þeirra og æfingar.

Áætlanir um brottflutning fólks úr bænum og nágrenni, einkum af svæðinu suður á Reykjanesskaga, og viðbúnað í því sambandi.

Máltíðaúthlutun o. s. frv.

Og að síðustu nefnir nefndin: *Ráðstafanir, sem einkum þættu tiltækilegar til varnar almenningsi í kjarnorkustríði, enn viðtækari en leiðir af hinum almennu ráðstöfunum.*

Að lokum skal aðeins getið þess úr skýrslu loftvarnanefndar, er hún segir um erfiðleika á að fá fólk til að mæta til æfinga. Um það segir orðrétt svo í skýrslunni:

„Athuganir um það efni leiddu í ljós, að menn virtust mjög tregir til að sinna kalli til æfingastarfa, og hefur nefndin ekki haft trú á neins konar þvingunarráðstöfunum í þessum efnum, enda vafasamur árangur af þess háttar æfingum, nema fullur hugur þáttakenda fylgi máli.“

Þannig var nú reynslan af þeim þætti í starfi loftvarnanefndar Reykjavíkur.

Holtermann hershöfðingi leiðbeinir Íslendingum.

Eins og að líkum lætur, hefur hinn lærði hershöfðingi, Holtermann, ýmsan nýstárlegan fróðleik að færa oss óherfróðum Íslendingum.

Í álitserð sinni segir hann, að ef til styrjaldar dragi, verði að gera ráð fyrir, að hún verði *algjör*. — Líklegustu skotmörk í upphafi stríðs segir hann vera: Aðsetur æðstu stjórnvalda, flugvelli, flotastöðvar, stór forðabúr (olíustöðvar), mikilvægar innflutningshafnir (Reykjavíkurhöfn), samgöngumiðstöðvar og stór iðnaðarhverfi.

Hershöfðinginn játar strax í upphafi máls síns, að í kjarnorkustyrjöld geti almannavarnir hvorki hindrað eyðileggingu né tortímingu mannlífa. en þær geti að nokkru dregið úr tjóni og hindrað, að það hafi úrslitabýðingu.

Hershöfðinginn segir, að byrja eigi á að koma upp loftvarnalúðrum í öllum kaupstöðum með 2000 íbúum og fleiri, en síðar beri að setja upp viðvörunarkerfi hvarvetna þar, sem íbúar eru fleiri en 1000.

Þá segir hann: „Það er álitnið höfuðnaðsyn, að öryggi æðstu stjórnvalda sé borgið, meðan styrjöld er háð. Þess vegna verður að tryggja, að *forsetinn, ríkisstjórn og Alþingi geti flutt á örugga staði*, og gera þarf áætlun um flutning þangað.“

Sjálfsgagt er það mikils vert að skapa æðstu mönnum þjóðarinnar öryggi, en ég leyfi mér að efa, að þau stjórnvöld yrðu mikils virt af íslenzku þjóðinni, sem sjálf skriðu í öruggt skjól, en létu ekki eitt yfir sig og aðra þegna ganga. Hugmyndin er í engu samræmi við norrænar drengskaparhugsjónir.

„Það minnsta, sem gera verður til að byrja með,“ segir hershöfðinginn, „er að útvega skýli, sem veita vörn gegn geislavirku úrfalli.“

Mundi margur ófróður vilja fá að vita, hvernig slík skýli skuli útbúin.

Það næst nauðsynlegasta segir Holtermann hershöfðingi vera það að „*undirbúa allsherjarflutning fólks frá a. m. k. 5 km svæði umhverfis Keflavíkurflugvöll*. — Flytja verður allt fólk, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að gegna á þessu svæði, til annara staða, einnig ber að leitast við að flytja húsdýr á brott.“

Og enn heldur hann áfram: „Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að undirbúa svipaðan brottflutning fólks frá svæðinu umhverfis Hvalfjörð, sem e. t. v. yrði notaður af Atlantshafsbandalaginu sem flotahöfn.“

Hér er ekkert um að villast, að hershöfðinginn telur Keflavíkurflugvöll skapa umhverfi sínu ógnþrungna hættu. Það mundi a. m. k. verða 7—8 þúsund manns, sem þessi „allsherjarflutningur“ næði til. Og munu fæstir hafa gert sér í hugarlund, hvað slíkir flutningar mundu kosta ásamt sköpun lífsskilyrða fyrir þetta fólk á nýjum stað. — Yrði þar áreiðanlega um milljónatugi að ræða.

Það vekur athygli, að hér er Hvalfjörður í fyrsta sinn nefndur í opinberum gögnum sem hugsanleg flotastöð Atlantshafsbandalagsins. Flutningar fólks úr firðinum yrðu að vísu auðveldari sökum fámennis, aðeins nokkur hundruð manns, en samt mundi það reynast allkostnaðarsamt fyrirtæki.

En hershöfðinginn ráðleggur miklu meiri fólksflutninga en þetta. Næst segir hann:

„Undirbúa þarf brottflutning úr sjúkrahúsunum í Reykjavík.“

Og nú kemur að því stærsta, því að Holtermann hershöfðingi bætir við sem næsta lið í tillögum sínum:

„*Undirbúa þarf brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðattimum*. Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott, er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. . . . Til að byrja með verður að gera áætlun um brottflutning eftirgreindra hópa: Barna innan 18 ára aldurs, fólks yfir 70 ára, mæðra með börn, kennara fyrir börnin og að öðru leyti fólks, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að sinna í bænum.“

„Koma verður á fót sérstakri brottflutningamiðstöð til að annast flutninginn,“ segir hershöfðinginn.

Varla getur hjá því farið, að í þessum lágmarkstillögum sé gert ráð fyrir brottflutningi fast að þriðjungi borgarbúa, eða um 25—27 þúsund manns. — Hvað mundi slíkt kosta, og hvert ætti að flytja það? Hvernig ætti að búa öllu þessu fólki dvalar- og lífsskilyrði annars staðar? Ein spurningin rekur aðra, en svörin láta áreiðanlega á sér standa.

Nú vikur hershöfðinginn máli sínu að næsta þætti almannavarnanna: útbúnaði öryggisbyrgja, og telur hann það eitt árangursríkasta skrefið til að vernda almenn- ing á styrjaldartíma. Segir hershöfðinginn það taka tiltölulega langan tíma að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, og svo bætir hann við: „*Þau eru tiltölulega dýr í bygg- ingu*.“ — Síðan segir hann:

„Ég legg til, að það fyrsta, sem gert verður, sé eftirfarandi:

a. Í bæjum með meira en 2000 íbúa skal koma fyrir einkavarnarbyrgjum í nýbyggingum af tiltekinni stærð.“ (Slíkt mundi ná til Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogskaupstaðar, Keflavíkur, Vestmannaeyja, Akraness, Ísafjarðar og Siglufjarðar). „Slík varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur tveimur loftþyngdum.“ Þá skýla þau nægilega gegn hita og veita mjög góða vernd gegn geislun. Húsbyggjandi á að greiða allan kostnað við að koma slíkum varnar- byrgjum á fót, segir Holtermann hershöfðingi.

b. Í öðrum bæjum en þeim, sem nefndir voru að framan, skal í nýbyggingum útbúa varnarskýli til að verjast geislavirku úrfalli. Skýli þessi segir hershöfðinginn ekki eins kostnaðarsöm, en þau á einnig að gera á kostnað húsbyggjanda.

c. „Í eldri húsum á öllu landinu sé húseiganda gert að skyldu að afla þess efnis, sem þörf er á, til að gera í húsinu bráðabirgðavarnarskýli gegn geislavirku úrfalli.“

d. Í Reykjavík skulu útbúin *almenn varnarbyrgi* fyrir 10% af íbúum bæjarins (þ. e. 7—8 þús. manns). Byrgi þessi eru fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru úti við, þegar árás er gerð, og þeim, sem ekki hafa einkabyrgi, er þeir geta leitað til.

„Þessi varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur minnst 6 loftþyngdum. Ef unnt er að byggja varnarbyrgin í klöpp — en að því ber að keppa — ætti að gera kröfu um 10 loftþyngda þol.“

Sérstakir verðir skulu gæta hinna almennu varnarbyrgja.

Um skipulagningu almannavarna segir Holtermann hershöfðingi meðal annars: „Í dómsmálaráðuneytinu ætti að koma á fót sérstakri skrifstofu fyrir almannavarnir. . . Gerð sé áætlun um sérstakt ráð fyrir almannavarnastjórn, er starfi á grundvelli ofangreindrar skrifstofu almannavarna. Á ófriðartímum ætti almannavarnastjórnin og ráð hans að vera staðsett í nánd við dómsmálaráðherra.“

Þessu næst segir hershöfðinginn, að setja beri á stofn *skóla* fyrir almannavarnir, og hafi hann það hlutverk að annast menntun foringja og leiðbeinenda almannavarna. Skólinn á að heyra beint undir dómsmálaráðherrann.

Koma skal á hjálparliði, og segir Holtermann, að í því þurfi að vera 4—5% íbúanna, þ. e. um 4000 manns. Þetta lið virðist eiga að vera einkennisbúið, einnig eru nefndar gasgrimur í sambandi við það.

Þá segir hershöfðinginn, að mælingar geislavirkni þurfi að skipuleggja fyrir allt landið, en það, hve þétt mælistöðvar verði settar, fari eftir íbúatölu landssvæðanna. Hann gerir ráð fyrir, að í upphafi nægi 80—100 stöðvar.

Enn segir hann, að þegar á friðartímum þurfi að útvega almenningseldhús og koma upp matvælabirgðum, helzt í afmældum skömmtum.

Í lok álitserðar sinnar dregur Holtermann hershöfðingi saman ráðleggingar sínar og fyrirmæli, því að auðvitað verði alltaf áleitinn spurningin um það, hvað eigi að sitja í fyrirrúmi. Hann kveðst vilja skipa verkefnunum í eftirfarandi röð eftir mikilvægi framkvæmdanna:

Áætlanir um flutning æðstu stjórnvalda landsins.

Almannavarnaskrifstofa í dómsmálaráðuneytinu og ráðning framkvæmdastjóra áamt starfslíði við almannavarnirnar í Reykjavík.

Fræðsla foringja og óbreytts liðs.

Aukning geislunarþjónustunnar.

Bygging varnarbyrgja.

Útvegum tækja vegna hinna ýmsu almannavarnagreina.

Áætlun um brottflutning.

Þetta er meginefnið í leiðbeiningum hins norska hershöfðingja, sem hingað var kvaddur til ráða um það, hvað gera beri til almannavarna hér á landi. Hygg ég, að lítið verði úr einnar milljón króna árlegri fjárveitingu til að framkvæma forskriftir hans.

Herlæknir kynnir nýstárleg viðhorf.

Þá þykir rétt að skýra frá nokkrum atriðum, sem fram komu í 4. fylgiskjalinu, sem frumvarpinu fylgdi, er það var fyrst lagt fram á Alþingi s. l. vetur, en til þessara fylgiskjala er nú vitnað í stuttorðum athugasemdum með frumvarpinu við endurflutning þess. Það er álitserð C. Toftemarks yfirlæknis hjá dönsku heilbrigðisstjórninni, sem ríkisstjórnin fékk hingað til lands sem sérfræðing í framkvæmd almannavarna.

Toftemark læknir er sammála Holtermann hershöfðingja um, að ef til styrjaldar dragi, verði hún þegar í upphafi *algjör*.

„Það virðist eðlilegt,“ segir læknirinn, „að stofna „*samræmingarráð*“ milli ráðuneytanna til að styðja og efla þessa viðleitni innan ráðuneytanna, hvort sem um er að ræða á sviði heilbrigðismála, landbúnaðarmála, viðskiptamála, samgöngumála eða á öðrum sviðum.“

Toftemark yfirlæknir leggur áherzlu á sérstaklega vandað og fullkomið varnarbyrgi fyrir æðstu menn landsins. Um það segir hann:

„Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttabjónustu, eru bráðnauðsynleg. *Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi.*“ (sennilega þingmenn stjórnarflokkanna). — Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almannavarnastjórnann. Almannavarnastjórnin verður vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna.“

Læknirinn segir, að öll sjúkrahús ættu að lúta stjórn „*sjúkrahúsaráðs*“. Einnig verður honum tíðrætt um þörf *varasjúkrahúsa*. Vel varin öryggisbyrgi á að innréttu í kjallara hvers sjúkrahúss, og er mikilvægt, að þar sé á friðartíma séð fyrir vatnslögn, ljósi, hita og skolprörum — og helzt vararafstöð og varavatnsbirgðum.

Læknirinn segir, að greina eigi hina særðu aðallega í fjóra hópa:

I. Lítið særða, sem aðstoðarhjúkrunarlið sjúkrahússins getur séð um.

II. Fólki, sem verður að komast strax undir læknishendur.

III. Sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, en getur þó beðið nokkuð aðgerðar.

IV. Fólk, sem hefur slasast svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði (og tækjum) handa því til tímafrekra aðgerða, sem útlit er fyrir, að ekki beri árangur. Í þessum hóp er m. a. fólk með brunasár, er þekja meira en 40% líkamans, opin sár á brjósti og kviði, og enn fremur sjúklingar, sem hver um sig hefur hlotið margs konar alvarleg meiðsl.

Toftemark yfirlæknir segir, að um 20% — þ. e. fimmti hver sjúklingur — muni verða í þessum seinasta hópi, *sem látinn verður bíða dauða síns án umhirðu og lækniáðgerðar*.

Ýmislegt fleira furðulegt er í skýrslu þessa danska læknis, svo sem þetta:

„Ákveða verður og merkja þegar á friðartíma, hvaða hlutverki hvert einstakt herbergi sjúkrahúss á að þjóna — en til merkingarinnar má nota sjálflýsandi málningu.“

Sérstakt herbergi þarf að vera fyrir látið fólk, og e. t. v. annað fyrir geðtruflað fólk.“

Þarna virðist jafnvel gert ráð fyrir, að eitt og sama herbergi megi nota fyrir hvort tveggja, líkin og geðbillaða fólk. — Síðan segir:

„Sjá þarf fyrir þjónustu sálusorgara.“

Varasjúkrahúsin, segir læknirinn, að vera þurfi „í hæfilegri fjarlægð frá þeim svæðum sem einkanlega er ógnað, þ. e. a. s. í 20—50 (eða fleiri) kílómetra fjarlægð.“

Í sjúkrahúsunum þarf að koma upp viðbúnaðarbirgðum, sem í er bæði útbúnaður og nauðsynjar. Sjá verður um, að skipti fari fram á lyfjum, sem einungis þola stutta geymslu.

Að lokum segir sá danski læknir þetta:

„Enda þótt skipulagning greiftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er mikilvægt, að á slysavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk.“

Menn hafi í huga, að allt, sem hér hefur verið tilgreint, er tekið úr opinberum skjölum, sem ríkisstjórnin taldi ástæðu til að láta fylgja frumvarpinu til skýringar hugmyndum sínum á almannavörnum og efni frumvarpsins.

Afgreiðsla málsins í nefnd.

Að lokum tel ég rétt að skýra nokkuð frá afgreiðslu málsins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Meiri hluti nefndarinnar lagði mikið kapp á að hraða afgreiðslu málsins sem allra mest. Var ósk minni um, að hinn nýskipaði almannavarnastjóri, Ágúst Valfells, yrði kvaddur á fund nefndarinnar til að gefa upplýsingar um málið, fremur þunglega tekið í fyrstu, en þó var á það fallizt.

Mætti forstöðumaður almannavarna á þeim fundi nefndarinnar, sem afgreiddi málið. Gaf hann ýmiss konar upplýsingar um hættur af kjarnorkusprengingum og svaraði fjölda spurninga, sem til hans var beint varðandi stöðu Íslands, ef til kjarnorkustyrjalda drægi.

Meðal annars voru lagðar fyrir hann eftirfarandi spurningar:

1. Hafa sérstakar ráðstafanir þegar verið gerðar til framkvæmda á heimildum frumvarpsins til almannavarna, og ef svo er, þá hverjar?
2. Álitur forstöðumaðurinn jafnmikla ástæðu til almannavarna *um allt landið*, eða er yfirvofandi hætta meiri á Suðvesturlandi eða á Reykjaneskaga, og þá hvers vegna?
3. Í V. kafla frumvarpsins er sérstaklega gert ráð fyrir svonefndum *hættusvæðum*. Verður ekki, með tilliti til varnarráðstafana, að reyna að sjá fyrir, *hvar á landinu* þessi hættusvæði yrðu? — Hvar eru þau að dómi forstöðumannsins?
4. Hve mikill mannfjöldi er á þessu svæði eða svæðum, sem gera verður ráð fyrir, að yrði að flytja burt, og hvað mundi kosta að sjá þeim mannfjölda fyrir lífsskilyrðum?
5. Verður ekki að miða almannavarnir á Íslandi við *algjöra* kjarnorkustyrjöld?
6. Telur forstöðumaðurinn ekki, að miða verði varnirnar við það, að jafnvel stærstu kjarnorkusprengjum, sem þekkjast, verði beitt, t. d. gegn herstöðvum, sem nú eru hér á landi, þar sem eru Keflavíkurflugvöllur og oliubirgðastöðin í Hvalfirði?
7. Verður ekki að miða allar ráðstafanir til almannavarna á Reykjaneskaga við það, að stærstu sprengjum, 50—100 megatonna, verði beitt gegn herstöð eins og Keflavíkurflugvelli, sem íslenskir ráðherrar hafa jafnvel talið geta haft úrslitapýðingu í hugsanlegri heimsstyrjöld?
8. Hver er eyðileggjarmáttur slíkra stórsprengna? 20 megatonna — 50 megatonna — 100 megatonna?
 - a. Er það rétt, að *gjöreyðingarmáttur* (blastradius) *20 megatonna sprengju* nái yfir hringsvæði, sem hefur 16 km radius eða 32 km að þvermáli, — en að *íkveikjumáttur* hennar nái yfir svæði, sem er allt að 50 km í radius?
 - b. Er það rétt, að 50 megatonna sprengja eyðileggi allt í hring með 20 kílómetra radius (40 km þvermál), en kveiki í öllu, sem brunnið getur, í hring með 80 km radius (160 km þvermál)?
 - c. Er það rétt, að íkveikjuhættan vaxi svo gífurlega með stærð sprengjunnar, að 100 megatonna sprengja kveiki í öllu brennanlegu í hring með 110 km radius og 1000 megatonna sprengja kveiki í öllu í hring með 320 km radius?
 - d. Er það yfirleitt rétt, að aðalhætta af kjarnorkusprengjum, eins og nú er reiknað með þeim í styrjöld, sé fyrst og fremst:
 1. íkveikjuhætta og brunahætta af eldbyl á gífurlega stóru svæði, ef sprengjan er sprengd í lofti, en
 2. hætta af helryki, ef sprengjan er sprengd á jörðu niðri?
9. Verður ekki að miða almannavarnirnar hér á landi við þessar staðreyndir — gera ráð fyrir því versta, nefnilega, að slíkum stórsprengjum kunni að verða beitt gegn herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og jafnvel í Hvalfirði?
10. Hver telur forstöðumaðurinn þá hættusvæðin vera á Reykjaneskaga miðað við þetta og ákveðnar stærðir kjarnorkusprengna, t. d. 20—50 og 100 mega-

- tonna? Mundi ég vilja bera fram þá ósk við forstöðumanninn, að hann marki hættusvæðin með sirkli á landabréf.
11. Hvað má ætla að kosta mundu öruggar ráðstafanir, er tryggi líf fólks, sbr. megingilgang frumvarpsins — t. d. á Reykjanesskaga, og hverjar yrðu helztu ráðstafanirnar, sem gripið yrði til?
 - a. Öryggisbyrgi?
 - b. Brotflutningur fólks?
 12. Hvað telur forstöðumaðurinn að fyrst beri að gera til almannavarna t. d. á þessu og næsta ári?

Hvað áætlar hann, að þessar byrjunarráðstafanir muni kosta?
 13. Hafa verið gerðar eða rætt um að gera nú þegar nokkrar ráðstafanir til almannavarna vegna núverandi hættuástands í heimsmálum?
 14. Hvaða fyrirætlanir eru uppi um byggingu opinberra öryggisbyrgja? Hvað þurfa þau að vera stór og hvernig búin til þess að vera sannkölluð „öryggisbyrgi“, en ekki gildir fyrir fólkið?

Hvað mundu slík öryggisbyrgi, er fullnægðu íbúum Reykjavíkur, kosta?

Svör almannavarnastjóra, herra Ágústs Valfells.

1. Það hefur verið ráðinn forstöðumaður, sem unnið hefur að athugunum á þeim vandamálum, sem snerta almannavarnir hér á landi. Þessi vandamál eru flókin og krefjast mikils undirbúnings, áður en hægt er að hefjast handa um verklegar framkvæmdir, er að gagni geta komið. Mörg þeirra eru einmitt athuganir á þeim spurningum, sem háttvirtur alþingismaður lagði fyrir forstöðumann almannavarna, og engin nákvæm svör fengin við þeim enn þá.

2. Ef kjarnorkusprengjum yrði beitt á Ísland, væri enginn staður á landinu, þar sem geislavirkt úrfall gæti ekki komið niður, hvar sem sprengjan yrði sprengd. Því verða gagnráðstafanir fyrst og fremst að miðast við að veita minnstu nauðsynlega skýlingu alls staðar á landinu, en þar má miða við 100-falda skýlingu við gammageislum.

Hvort eða hvar búast mætti við sprengju, færi að sjálfsögðu eftir hernaðar-aðstæðum hvers tíma (strategiskum aðstæðum).

3. Hættusvæðin eru fyrst og fremst högg- og hitaáhrifasvæði sprengna af þeirri stærð, er þyrfti til að eyðileggja líkleg skotmörk. Keflavíkurlflugvöllur er eitt líklegasta skotmarkið hér á landi vegna þeirrar þýðingar, sem hann sökum stærðar og legu hefur fyrir stórar flugvélar.

4. Mannfjöldinn, sem flytja þyrfti burt af hættusvæði, fer eftir vörnunum, sem fyrir eru. Kostnaður hefur ekki verið athugaður enn.

5. Þær varnir, sem gera mögulegan skaða sem minnstan í algjörri styrjöld, koma að sjálfsögðu einnig að gagni í takmarkaðri styrjöld. Því ber að miða við hið fyrrnefnda tilfelli.

6. Í algjerri styrjöld yrði vopnunum beitt á þann hátt, að heildarvopnaforðinn mundi valda sem mestum heildarskaða. Því má búast við, að stærð sprengju, sem beint er gegn ákveðnum skotmörkum, verði slík, að hún dugi til að eyðileggja skotmarkið. Stærstu sprengjur, sem nú þekkjast, eru 100 MT, en þeim mun fyrst og fremst ætlað að eyðileggja niðurgrafnar eldflaugastöðvar. Þar sem fáar slíkar sprengjur eru til, er svo til útilokað, að þeim yrði eytt á skotmörk, er þola lítinn yfirþrýsting.

Það væri algjörlega út í loftið, að eyða slíkum sprengjum á nokkur skotmörk hér á landi, oliubirgðastöðin í Hvalfirði hefur lítið hernaðargildi og þyldi ekki sprengju nema af kílótonna styrkleik.

7. Það hefur enga hernaðarlega þýðingu að beita 20 — 50 og 100 MT sprengjum á flugvelli. Varnir gegn slíkum sprengjum yrðu óhemjudýrar. Hins vegar mætti bjarga miklum meiri hluta fólks, er gæti verið háski búinn af þeim sprengj-

um, er dygðu til að eyðileggja hvaða flugvöll sem er. Því verða varnirnar að miðast við, hvað líklegt sé að þurfi að gera og hvað er fjárhagslega hægt að gera.

8. Svárið við þessari spurningu er að finna í meðfylgjandi töflum.

Tölurnar, sem nefndar eru í spurningunni, miðast við lægri yfirþrýsting en flest íslensk hús þola. (Tölurnar miðast við rúmlega 7 punda yfirþrýsting á fer-tommu).

Þessar tölur eiga við timbur- og múrsteinshús. Enn fremur fer íkveikjuhættan eftir eldfimi efna á áhrifasvæði sprengjunnar. T. d. getur kviknað í þurrum pappir miklu lengra frá sprengistaðnum heldur en t. d. gluggatjöldum eða timburhúsum. 80 km rásir, sem nefndur er í spurningunni, samsvarar rúmlega 10 kaloría hitaskammti á hvern fersentimetra fyrir 50 megatonna sprengju, og gæti það komið af stað eldsvoða og eldbyl í þéttbyggðri stórborg í hverfum, þar sem mikið er um rusl að húsabaki. Þurr viður þolir meira en 12 kalóríur/cm² frá 50 megatonna sprengju. (Hitapolið fer eftir stærð sprengjunnar, því að stórar sprengjur eru lengur að gefa frá sér sama kalóríufjölda).

Ofangreindar athugasemdir gilda almennt fyrir 100 MT sprengjur.

Viðvíkjandi síðasta lið (d) 8. spurningar má segja þetta:

Fyrir íbúa þéttbyggðra borga gildir atriði 1. Því skal bent á, að ef meðalbilið milli húsa er meira en 16 metrar, eru líkurnar fyrir eldbyl minni en 50%. Fyrir steinhús er þetta enn minna.

Viðvíkjandi 1000 MT sprengjum, þá er ekki vitað, að nein slík vopn séu til, enda mundi þungi þeirra vera slíkur, að engin núverandi vopnaflutningstæki gætu flutt slík vopn á sprengistað. 1000 MT sprengja er um 20 sinnum stærri en nokkur sprengja, er sprengd hefur verið. Um það, hvort sama samband gildir milli sprengjuafis og áhrifa fyrir slíka sprengju og sprengjur af „reyndum“ stærðum, veit forstöðumaðurinn ekki. Verið gæti, að einhver áður óþekkt áhrif kæmu fram í sambandi við svo gífurleg vopn.

9. Það er sama, hve vopnin eru stór; það verður alltaf hægt að bjarga einhverjum með vörnum, en því færri, sem vopnin verða stærri. Það yrði Íslendingum að sjálfsögðu fjárhagslega ofviða að ætla sér að koma á vörnum gegn slíkum vopnum, er gætu tryggt vörn gegn höggi og hita nálægt sprengjustaðnum. Hins vegar er álit forstöðumannsins, að það verði vel hægt að draga að mestu úr skaða af vopnum af þeim stærðum, er kynni að verða beitt hér á landi. Því verða varnirnar að miðast við, hvaða sprengjustærð er líkleg og hvaða vörnum verður við komið til að draga sem mest úr þeim skaða, er slík vopn gætu valdið.

10. Hættusvæðin fara eftir stærð þeirra sprengna, er ef til vill yrði beitt hér á landi, svo og hvaða varnir eru fyrir hendi.

Höggeyðingarsvæði sprengju og hitaáhrifin fara eftir högg- og hitapoli mannvirkja. Því fer hættusvæðið eftir því, hvaða yfirþrýstilínu og jafnhitalínu verður að miða við. Vísað er í töfluna viðvíkjandi þessum áhrifum. Tími til kortateikninga vannst því miður ekki.

11. Kostnaðaráætlanir eru eitt af því, sem verður athugað af almannavörnum eins fljótt og unnt er. Það hefur enginn tími unnizt til þess enn þá, því að þær áætlanir verða að byggjast á grundvallarathugunum, sem nú er unnið að.

Brotflutningur fólks hefur því aðeins þýðingu, að hægt sé að koma því í byrgi, er verji gegn geislum frá úrfalli.

Byrgi gegn geislum frá úrfalli er sú ráðstöfun, sem er áhrifamest í að draga úr mögulegum skaða.

12. Fræða fólk um geislavirkni og hvernig má verjast henni. Hraða grundvallarundirbúningi eins og unnt er, en til þess þarf enn langan tíma.

Á grundvallarathugunum byggjast svo aftur aðrar athuganir um nauðsynlega skýlingu o. s. frv., því næst að gera kostnaðaráætlanir og hefja framkvæmdir.

Það er ekki hægt að kaupa tíma fyrir peninga nema að takmörkuðu leyti,

grundvallarathugunum verður ekki hraðað fram úr vissu marki. Þó má hraða þeim allverulega með því að auka starfslið, er vinnur að tæknilegum útreikningum.

Því mundi álitid, meðan ekki eru hafnar verklegar framkvæmdir, heldur einungis unnið að athugunum, að 1—2 milljónir króna mundu nægja til undirbúnings. Strax og hafizt væri handa um verklegar framkvæmdir, mætti búast við, að kostnaður færi fram úr þessu, ef að gagni ætti að koma.

13. Vegna þess, hve seint var hafizt handa með almannavarnir hér á landi, hefur ekki verið unnt að gera nema allra takmörkuðustu ráðstafanir. Það eina, sem hægt hefur verið að gera, er að hafa tiltækilegar upplýsingar um neyðarráðstafanir, er fólk gæti gripið til, og vera því viðbúinn að koma þessum upplýsingum til almennings með stuttum fyrirvara.

14. Ekkert væri æskilegra en að þessar upplýsingar væru þegar fengnar, en eins og áður getur, er einungis hægt að byggja slíkar niðurstöður á athugunum, er enn eru á byrjunarstigi og hljóta að verða svo um skeið.

Bandaríkjamenn áætla, að unnt sé að byggja lítið öryggisbyrgi (4—5 menn) fyrir \$50/mann. Fyrir stærri byrgi lækkar kostnaðurinn á einstakling.

Um áhrif kjarnorkusprengna.

I. Hitageislun.

Hitaáhrifa gætir í nokkrar sekúndur eftir að sprengjan springur. Eftirfarandi tafla sýnir stærð áhrifaradiuss hitageislunar fyrir mismunandi stórar sprengjur, sprengdar á yfirborði.

Stærð sprengju	Íkveikufjarlægð fyrir eldfim efni (km)
20 KT	2.6 km
100 —	5.5 —
1 MT	14.0 —
5 —	29.0 —
10 —	35.0 —
20 —	45.0 —
50 —	64.0 —
100 —	80.0 — t. d. gluggatjöld

Varnir.

Hvert það skjól, er veitir vernd gegn öðrum hættuáhrifum kjarnorkusprengju, veitir einnig vörn gegn hitageislun.

II. Höggáhrif.

Íslensk steinhús þola sennilega allt að 12 punda yfirþrýsting á fertommu (12 p. s. i.). Eftirfarandi tafla sýnir, í hve mikilli fjarlægð þessa yfirþrýstings gætir fyrir mismunandi sprengjustærðir:

Stærð sprengju	Fjarlægð 12 p.s.i. yfirþrýstilínu
20 KT	0.76 km
100 —	1.29 —
1 MT	2.82 —
5 —	4.8 —
10 —	6.1 —
20 —	7.7 —
50 —	10.5 —
100 —	13.3 —

Varnir.

Með þar til gerðum bylgjum má verjast 30—100 p.s.i. yfirþrýstingi.

III. Kjarnageislun.

Stærð hættusvæðis, er stafar af geislavirku úrfelli, fer eftir stærð sprengju og hraða háloftavinda.

Úrfelli fyrir stærstu sprengjur getur komið niður á svæði, sem er allt að því hundruð km á lengd og tugir km á breidd.

Þetta er því víðtækasta hættan af kjarnorkusprengingum við yfirborð jarðar og sú hættan, sem varir lengst (geislstyrkleikinn er 14 daga að minnka 100falt).

Varnir.

Með tiltölulega einföldum vörnum má minnka geislunaráhrif á lifandi verur 50—100-falt.

Af þessum svörum er í fyrsta lagi ljóst, að ægileg hætta vofir yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni, ef kjarnorkustyrjöld brytist út. Þá er jafnljóst, að bráðasta hættan er bein afleiðing af því, að erlent stórveldi hefur *herstöð og herlið* í landinu. Þetta kemur berlega í ljós í álitserð Holtermanns hershöfðingja, sem ráðleggur brottflutning fólks og fénaðar af Keflavíkursvæðinu og jafnvel úr Hvalfirði, — hið sama er og viðurkennt í skýrslu Toftemarks yfirlæknis, og enn er þetta sama rækilega staðfest með svörum hins unga embættismanns, almannavarnastjórans, hér að framan. „Varnarliðið“ svokallaða er *hættuvaldurinn*. Hinn „varði“ hluti Íslands, er *hættusvæðið*, sem ráðgert er að flytja fólkið frá — eða grafa það í jörð niður. Ef hér væri engin herstöð, væri engu meiri hætta vofandi yfir Reykjanesskaga og Reykjavík *en yfir þeim stöðum, sem nú er rætt um að flytja fólkið til*. Það skal játað, að í kjarnorkustyrjöld væri Ísland ekki öruggt fyrir hættu helryksins af sprengingum í öðrum löndum og álfum. Sú hætta vofir yfir öllu mannkyni á vorum dögum. Og þeim háska ber að verjast með öllum tiltækum ráðum. En það, sem gerir Ísland líklegt skotmark í upphafi kjarnorkustriðs, er *Keflavíkurlugvöllur*, um það verður ekki deilt. Það er því hersetan, sem leiðir bráðustu hættuna yfir þjóðina.

Þetta vita núverandi valdhafar Íslands mætavel. Og þeir hafa samvizkubit af því að hafa leitt þessa tortímingarhættu yfir land og þjóð. Þess vegna segja þeir nú: Við viljum skapa þjóðinni öryggi. Við viljum setja upp víðtækt almannavarnakerfi. Við setjum lög, sem *koma skulu í veg fyrir*, „að almenningur verði fyrir líkamstjóni.“ Við skulum sem sagt sjá ykkur borgið!

En hér er farið með viðurstyggilegt fals og blekkingar. Meðan Keflavíkurlugvöllur er herstöð, er það á engra manna færi að skapa þjóðinni öryggi á stríðstímum og því síður *að koma í veg fyrir*, „að almenningur verði fyrir líkamstjóni“, eins og komið er að orði í 1. gr. frumvarpsins. Það er heiðarlegum mönnum sæmst að játa, *að í algeru kjarnorkustriði eru engar varnir til, sem verndað geti mannlífin og komið í veg fyrir tortímingu og dauða*.

Þingmenn Alþýðubandalagsins vilja a. m. k. ekki taka neinn þátt í þeim blekkingaleik að leiða fyrst hættuna yfir þjóðina, eins og gert hefur verið, en hjala síðan *um öryggisráðstafanir*, eins og einkabyrgi og opinber byrgi, byggingu og rekstur varasjúkrahúsa, brottflutning fólks af hættusvæðum tugþúsundum saman o. s. frv., o. s. frv., sem augljóslega eru engin tók á að framkvæma og auk þess vafasamt, að hverju gagni kæmi, þótt framkvæmt yrði.

Auk alls þessa er nú augljóst mál, að engin alvara er hjá stjórnarvöldum landsins um framkvæmd almannavarna. Embætti hefur að vísu verið stofnað og ein milljón tekin á fjárlög, en það er líka allt og sumt. Getur nokkur maður talið, að þetta skapi þjóðinni öryggi?

Lög um almannavarnir, sem væru pappírsgagn eitt, eru verra en ekkert. Slík lagasetning gerir varnablekkinguna aðeins enn grófari og ódrengilegri.

Ég legg því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem augljóst er, að bráðasta hættan, sem yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni vofir, ef til kjarnorkustyrjaldar drægi, er bein afleiðing af staðsetningu þýðingarmikillar herstöðvar og veru erlendis herliðs í landinu, en hins vegar allsendis óvíst, hvort nokkrar varnir geti að gagni komið í atómstyrjöld, verður ekki annað séð en sá kostur sé einn fyrir hendi að krefjast þess þegar, að orsök tortímingarhættunnar verði fjarlægð með niðurlagningu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og herinn tafarlaust fluttur úr landi.

Í trausti þess, að svo verði gert samkvæmt skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi, og enn fremur með tilliti til þess, að í lögum eru fullnægjandi heimildir til allra tiltækra varnaraðgerða á styrjaldartímum, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. nóv. 1962.

Hannibal Valdimarsson.